




STJÓRNVÍSI
ÁRSSKÝRSLA 2017





Nótt Thorberg,
formaður stjórnar Stjórnvísi.

FRAMTÍÐIN ER OKKAR!

30 ára afmælisári Stjórnvísi er senn að ljúka og nú tekur við nýr kafli félagsins. Framsækni, fagmennska og fræðsla hefur verið í forgrunni á afmælisárinu. Það er hlutverk Stjórnvísi að efla gæði stjórnunar á Íslandi og allt frá stofnun félagsins hefur þetta verið okkur sem höfum staðið að félaginu leiðarljós - vitinn sem vísað hefur okkur veginn og gert okkur kleift að setja okkur metnaðarfull markmið um vöxt ár frá ári og byggja upp félag sem er leiðandi í umræðu um faglega stjórnun á Íslandi í dag.

Stjórnvísi er stærsta stjórnunarfélag á Íslandi. Ár hvert fjölga þeim aðildarfyrirtæknum, stofnunum og einstaklingum er koma af starfinu. Í ár setti stjórnin sér vaxtarmarkmið um að bæta við 30 nýjum fyrirtækjum og vann markvisst að því að kynna félagið enn frekar. Markmiðinu var náð og félagið heldur áfram að vaxa og þróast í takt við líðandi tíma. Félagsmenn eru nú 3900 talsins og aðildarfyrirtæki og stofnanir 280.

Stjórn starfsársins 2016-2017 byrjaði árið í júní með stefnu- mótunarfundi þar sem kortlagðar voru áherslur félagsins og

þeim forgangsraðað. Áherslurnar urðu fjórar talsins og verður nánar fjallað um þær í skýrslu framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir voru 11 á starfsárinu en jafnframt voru haldnir fjölmargir vinnufundir á vegum stjórnarmanna í tengslum við verkefni og áherslur. Allir lögðu hönd á plóg við að skila góðu starfsári og við sóttum fram á mörgum sviðum.

Þau kaflaskil urðu í sögu félagsins að breytingar urðu á eignarhaldi Íslensku ánægjuvogarinnar er Gallup óskaði eftir að draga sig úr samstarfinu. Stjórnvísi á nú helmingshluti í Íslensku ánægjuvuginni ásamt Samtökum iðnaðarins. Gengið var til samninga við nýjan samstarfsaðila við framkvæmd mælinga Íslensku ánægjuvogarinnar. Nýbreytni í mælingum og kynningu niðurstaða hlaut afar jákvæðar móttökur.

Tveir aðrir stórir viðburðir settu mark sitt á afmælisárið. Á haustráðstefnu félagsins er bar yfirskriftina „Endurmörkun í síbreytilegu umhverfi“ var 30 ára sögu félagsins fagnað með pompi og prakt og það var því vel við hæfi að heyra reynslusögur leiðtoga er hafa sett sitt mark á faglega stjórnun á Íslandi á undanförmum áratugum. Stjórnunarverðlaunin voru veitt í áttunda sinn og nýsettur forseti vor Guðni Th. Jóhannesson heiðraði félagið með þátttöku sinni og einstökum léttleika er setti skemmtilegt mark á viðburðinn. Jafnframt voru í fyrsta sinn veitt sérstök heiðursverðlaun Stjórnvísi fyrir ævistarf. Verðlaunin hlaut Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður NI og fyrrverandi forstjóri Icepharma hf fyrir framlag sitt til faglegrar stjórnunar.

Já, árið hefur svo sannarlega verið félaginu gjöfult í marga staði og viðburðaríkt. Eftir 5 ára stjórnasetu kveð ég félagið með stolti en ekki síst þakklæti fyrir að hafa hlotið það tækifæri að eiga virkan hlut í að byggja upp félagið. Það hefur verið afar lærdómsríkt og gefandi að starfa innan félagsins í marga staði en það sem stendur alfarið upp úr er samferðafólkið.

Kæru félagar og samherjar – þið eruð frábær. Stjórnvísi er félagið okkar og fólkið er félagið. Takk fyrir að taka þátt og deila með ykkur. Án ykkar allra hefðum við aldrei komist á þann stað sem við erum í dag.

Framtíðin er okkar!

Nótt Thorberg, formaður stjórnar.


Starfsárið 2016-2017 hófst með vinnufundi stjórnar á Grand hóteli í byrjun júní. Slíkir fundir eru gríðarlega mikilvægir því þeir stilla saman nýja stjórn, ramma inn mikilvægustu verkefni starfsársins og stjórn skiptir með sér verkum. Þær áherslur sem ný stjórn lagði upp með voru **1. Fagna 30 ára afmæli Stjórnvísí**. Afmælinu var fagnað með miklum glæsileika. Sérstök ráðstefna var haldin í nóvember frá kl.08:00-13:00 undir dyggri stjórn heiðursfélagsins Guðrúnar Högnadóttur. Á afmælisárinu voru allar eldri myndir félagsins skannaðar inn og eru nú aðgengilegar á facebooksíðu félagsins. Útbúinir voru sérstakir súkkulaðimolar sem á stóð „vertu með“ og voru þeir gefnir á öllum fundum í vetur. Að lokum voru útbúin 10 myndbönd sem varðveita sögu félagsins og eru jafnframt frábært kynningarefni. **2. Innviðir félagsins, heimasíða og stjórnun**. Ásýnd félagsins er orðin allt önnur því mikil vinna hefur verið unnin í heimasíðunni sem nýlega var sett í nýtt vefumsjónarkerfi sem auðvelt er að vinna með og opnar ný tækifæri eins og að gera skoðunarkannanir, öll statistik verður miklu auðveldari og einnig uppsetning funda sem og umgjörð. Sett var upp skjaskrifstofa sem er öllum aðilum í stjórn aðgengileg. **3. Markaðsmál og sýnileiki**. Unnið var með og uppfært allt efni á vef sem fer til nýrra fyrirtækja og félaga þegar þeir eru að nýskrá sig. Aðgengi að tengiliðum innan hvers fyrirtækis er nú tilbúið þannig að tengiliður sér hverjir eru aðilar og getur betur virkjað og fylgst með hvernig aðildin er að nýtast. **4. Tengsla-myndun, viðburðir og samstarf**. Í öllu starfi stjórnar voru gildi félagsins framsækni, fræðsla og fagmennska höfð að leiðarljósi.

Faghópastarfið hófst með Kick off fundi í byrjun september þar sem farið var yfir verklag, vefstjórn og verklags- og siðareglur. Á þennan fund voru boðaðar stjórnir faghópanna og þar gafst vettvangur til að sameina fundi og koma á framfæri ábendingum um hvað betur mætti fara. Í framhaldi var öllum félögum kynnt drög að dagskrá vetrarins í tölvupósti. Hlutverk Stjórnvísí er að: „**Efla gæði stjórnunar á Íslandi með þeim hætti að skapa hvetjandi vettvang fyrir gagnkvæma þekkingarmiðlun, umræður og tengslamyndun**“. Með þetta hlutverk að leiðarljósi hélt stjórn félagsins og 16 virkar faghópastjórnir 90 viðburði á starfsárinu. Margir faghópar voru með sameiginlega fundi sem hefur leitt til þess að fundirnir eru færri en jafnframt fjölmennari. Tvöþúsund og fimmm hundruð manns sóttu viðburði á vegum félagsins og 140 fyrirlesarar fluttu erindi. Vinsælasti fundartíminn var á morgnana en jafnframt voru haldnir fundir í hádegi. Á Kick off fundinum í haust kom fram eindregin ósk um hvernig hægt væri að efla enn frekar stjórnarsamstarf þ.e. virkja alla til starfa. Til að verða við þeirri ósk var boðið upp á örvinnustofu í upphafi nýs árs í Ölgerðinni og að vinnustofunni lokinni var boðið upp á léttar veitingar.

Það var meðvitað ákvörðun stjórnar að ganga á eigið fé félagsins. Stjórnvísí hefur safnað fé á undanförunum árum sem nú nýtist félaginu til að uppfæra heimasíðuna og gera hana aðgengilegri á allan hátt fyrir félagsmenn og stjórnendur faghópa. Þeirri vinnu verður haldið áfram og verður félagið einnig rekið með tapi þetta árið. Stjórnvísí er félag í eigu sinna félagsmanna og á ekki að safna eignum. Engar útistandandi skuldir eru frá sl. ári og

tekjur af innheimtum félagsgjöldum ársins 2016 voru ívið hærri en 2015 en styrkir v/ráðstefna hærri.

Það eru mikil forrættindi og ég er óendanlega þakklát fyrir að fá að starfa sem framkvæmdastjóri í félagi þar sem eru jafn kröftugir leiðtogar og fara fyrir faghópunum, eru í stjórn Stjórnvísí, í fagráði, sem skoðunarmenn og starfa í stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar. Allir þessir aðilar kjósa að láta gott af sér leiða fyrir íslenskt atvinnulíf með því að verja tíma sínum í að stuðla að framsækinni stjórnun með fræðslu fyrir stjórnendur í Stjórnvísí sem er í eigu okkar allra og starfar án fjárhagslegs ávinnings. Að lokum vil ég nýta tækifærið og þakka sérstaklega Nótt Thorberg formanni stjórnar félagsins sl. tvö ár fyrir einstaklega farsælt, metnaðarfullt og lærdómsríkt samstarf.



Gunnhildur Arnardóttir,
framkvæmdastjóri Stjórnvísí.

Fjöldi fyrirtækja og stofnana buðu Stjórnvísífélögum að halda fundi hjá sér, sum oftast en einu sinni og kunnum við þeim sérstakar þakkir fyrir en þau eru: Arion banki, ÁTVR, Blóðbankinn, Capacent, Efla, Festi, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Hótel Natura, Innovation House, Icelandair, Icelandic Startups, Ikea, Kaffitár, Key Habits, KPMG, Landspítallinn, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Marel, Menntun Nú, Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Síminn, Startup Reykjavík, Stiki, Tollstjóri, Veðurstofa Íslands, Vínubúðin/ÁTVR, Vinnumálastofnun og Ölgerðin.

FORMAÐUR

Nótt Thorberg, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi.

STJÓRN STJÓRNVÍSI

Áslaug Benónýsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og viðskiptasviðs Gámaþjónustunnar.

Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg.

Hermann Jónsson, fræðslustjóri Advania.

María Guðmundsdóttir, fjármálastjóri Vaka, fiskeldiskerfa.

Sigurjón Þórðarson, stjórnunarráðgjafi hjá Nolta, ráðgjöf og þjálfun.

Þórunn M. Óðinsdóttir, stjórnunarráðgjafi KPMG.

VARAMENN Í STJÓRN

Guðmundur S. Pétursson, gæðastjóri Tollstjóra Íslands.

Guðný Finnsdóttir, framkvæmdastjóri Goðhóls ráðgjafar.

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Ásta Malmquist, deildarstjóri fyrirtækjaþjónustu Landsbankans.

Agnes Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Perlu norðursins.

FAGRÁÐ

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar- og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins.


Guðmunda Smáradóttir, forstöðumaður Opna háskólans í HR.

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Franklin Covey á Íslandi.

Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

VIÐBURÐIR FAGHÓPA 2016-2017



SKÝRSLA STJÓRNAR

Félagið er félag um framsækna stjórnun.


Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Stjórnvísar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun.

Tap var á rekstri félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 2.735 þúsund kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 3,2 milljónum kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn félagsins vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Stjórn Stjórnvísar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2017

Í stjórn Stjórnvísar



 Þórunn M. Kristinsson

 Jón Guðni Jónsson

 HERMANN SÖNSSON

 Aslaug D. Benjaminsdóttir

 Guðni Finnur Einarsson

 María Guðmundsdóttir

 Leifur Þorvaldsson

 Jónn S. Stefánsson

Framkvæmdastjóri



 Gunnleifur Arnardóttir

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og félagsmanna í Stjórnvísi.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Stjórnvísi vegna ársins 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.


Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Stjórnvísi við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík, 26. apríl 2017

Íslenskir endurskoðendur, ráðgjöf ehf.




Guðni Þór Gunnarsson
Endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Stjórnvísi höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Stjórnvísi starfsárið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 2016, efnahagsreikning 31. desember 2016, yfirlit um sjóðsstreymi og skýringar. Við höfum gert kannanir á bókhaldi, bókhaldsgögnum, eignum og skuldum félagsins sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri félagsins á árinu 2016 og efnahag þess 31. desember 2016.

Reykjavík, 26. apríl 2017



REKSTRARREIKNINGUR 2016

	Skýr.	2016	2015
REKSTRARTEKJUR:			
Félagsgjöld		13.460.500	13.200.400
Ráðstefnur og fundir		2.226.000	1.542.607
Rekstrartekjur alls		<u>15.686.500</u>	<u>14.743.007</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Skrifstofukostnaður		4.783.164	3.662.184
Stjórnun og umsýsla		13.635.650	12.043.663
		<u>18.418.814</u>	<u>15.705.847</u>
 Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða		<u>(2.732.314)</u>	<u>(962.840)</u>
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur og verðbætur		55.662	218.475
Vaxtagjöld og verðbætur		(58.697)	(69.166)
		<u>(3.035)</u>	<u>149.309</u>
 HAGNAÐUR(TAP) ÁRSINS		<u>(2.735.349)</u>	<u>(813.531)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

Eignir

	Skýr.	2016	2015
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		25.900	133.800
Handbært fé	2	<u>4.090.207</u>	<u>6.830.168</u>
Veltufjármunir samtals		<u>4.116.107</u>	<u>6.963.968</u>
EIGNIR SAMTALS		<u>4.116.107</u>	<u>6.963.968</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr.	2016	2015
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01		5.934.795	6.748.326
Hagnaður ársins		<u>(2.735.349)</u>	<u>(813.531)</u>
	3	<u>3.199.446</u>	<u>5.934.795</u>
SKULDIR:			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		458.761	48.773
Fyrirframgreidd félagsgjöld		<u>457.900</u>	<u>980.400</u>
		<u>916.661</u>	<u>1.029.173</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.116.107</u>	<u>6.963.968</u>

SJÓÐSTREYMI 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		(2.735.349)	(813.531)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé			
Reiknaðir rekstrarliðir		0	0
Hreint veltufé frá rekstri		(2.735.349)	(813.531)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda			
Skammtímakröfur		107.900	(52.300)
Skammtímaskuldirr		(112.512)	604.093
		(4.612)	551.793
Handbært fé frá rekstri		(2.739.961)	(261.738)
Breyting á handbæru fé		(2.739.961)	(261.738)
Handbært fé í ársbyrjun		6.830.168	7.091.906
Handbært fé í árslok		<u>4.090.207</u>	<u>6.830.168</u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

EIGIÐ FÉ

- 3 Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun	5.934.795	5.934.795
Hagnaður(tap) ársins	(2.735.349)	(2.735.349)
	3.199.446	3.199.446

SUNDURLIÐANIR

	2016	2015
1. Sala		
Félagsgjöld	13.460.500	13.200.400
Ráðstefnur og fundir	2.226.000	1.542.607
	15.686.500	14.743.007
1. Skrifstofukostnaður		
Sími	66.340	85.409
Burðargjöld	3.309	462
Bækur, blöð og tímarit	16.773	13.200
Rekstur heimasíðu	4.696.742	3.563.113
	4.783.164	3.662.184
3. Stjórnun og umsýsla		
Verktaki CEO Huxun	8.296.322	7.832.500
Viðburðir, ráðstefnur og fleira á vegum Stjórnvísí	2.926.528	1.112.990
Faghópa fundir, stjórnarfundir ofl.	1.780.531	2.024.255
Endurskoðun og reikningsskil	560.232	615.060
Aðalfundur	0	66.681
Félags- og aðildargjöld.....	22.050	19.950
Auglýsingar	6.200	372.227
Gjafir og viðurkenningar	43.787	0
	13.635.650	12.043.663
4. Vaxtatekjur og verðbætur		
Vaxtatekjur	55.662	218.475
	55.662	218.475
5. Vaxtatekjur og verðbætur		
Bankakostnaður, þjónustugjöld	(58.691)	(66.789)
Dráttarvextir	(6)	(2.377)
	(58.697)	(69.166)

SUNDURLIÐANIR

	2016	2015
6. Skammtímakröfur		
Félagsmenn	25.900	133.800
	<u>25.900</u>	<u>133.800</u>
7. Handbært fé		
Arion banki 652	1.055.717	995.765
Íslandsbanki 100944	3.309	3.222
Arion banki 202460	3.031.181	5.831.181
	<u>4.090.207</u>	<u>6.830.168</u>
3. Viðskiptaskuldir		
Lánadrottnar	452.619	50.917
VISA reikningur 6161	6.142	(2.144)
	<u>458.761</u>	<u>48.773</u>

30 ÁRA AFMÆLISRÁÐSTEFNA STJÓRNVÍSI



ENDURMÖRKUN Í SÍBREYTTILEGU UMHVERFI

■ REYNSLUSÖGUR LEIÐANDI LEIÐTOGA

FYRIRLESARAR:



■ **Nótt Thorberg**,
framkvæmdastjóri
Marel á Íslandi og
formaður Stjórnvísi



■ **Hulda Gunnlaugsdóttir**,
framkvæmdastjóri
Norlandia Care Group AS



■ **Oliver Luckett**,
forstjóri ReviloPark



■ **Margrét Guðmundsdóttir**,
stjórnarformaður NI



■ **Guðrún Högnadóttir**,
framkvæmdastjóri
FranklinCovey á Íslandi

UM STJÓRNVÍSI:

- Stærsta stjórnmánafélag á Íslandi
- Um 300 fyrirtæki & stofnanir og yfir 3000 virkir félagsmenn
- Ahugamannafélag í eigu félagsmanna
- Starfar ekki með fjárhagslegan ágóða í huga
- Opplýð öllum einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem hafa áhugi á stjórnun
- Kjarnastarfið felst í kraftmiklum fagþópum félagsmanna
- Fagþópar eru um 20 talsins og fer fjöldi ári hvert
- Yfir 100 viðburðir árlega er stuðla að öflugri þekkingarmiklun og tengslaneti

STAÐSETNING:
Grand Hótel Reykjavík,
Sigtúni 38,
105 Reykjavík.
Þriðjudaginn 2.nóvember
kl. 8:00 – 13:00
Aðgangur ókeypis
bókanir á stjornvisi.is/afmaeli

FRAMSÆKNI · FORYSTA · FRÆÐSLA



30 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ STJÓRNVÍSI

Haustráðstefna Stjórnvísi sem jafnframt var þrjátíu ára afmæliháttíð Stjórnvísi var haldin þann 2.nóvember 2016 á Reykjavík, Natura, Icelandair hotels. Ráðastefnan bar yfirskriftina „**Endurmörkun í síbreyttilegu umhverfi, reynslusögur leiðtoga**“. Ráðastefnan hófst með morgunverðarhlaðborði kl.08:00. Nótt Thorberg framkvæmdastjóri Marel á Íslandi og formaður stjórnar Stjórnvísi setti afmælisráðstefnuna kl. 8:30. Því næst voru flutt þrjú áhugaverð erindi. Stuttar vinnustofur voru unnar á eftir fyrstu tveimur erindunum þar sem tækifæri gafst að ræða saman og kynnast öðrum félögum. Stjórnandi vinnustofanna var Sigurjón Þórðarson, stjórnunarráðgjafi hjá Nolta, ráðgjöf og þjálfun. Ráðastefnan endaði með léttum hádegisverði við undirleik góðrar tónlistar.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni:

1. **Margrét Guðmundsdóttir**, stjórnarformaður NI og fyrrverandi forstjóri Iceptharma hf.,
2. **Hulda Gunnlaugsdóttir**, COO-Divisjons direktör Norlandia Care Group AS, www.norlandiacare.no
3. **Oliver Luckett**, forstjóri ReviloPark sem starfar í Reykjavík og Los Angeles.

Ráðstefnustjóri: Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri hjá FranklinCovey og heiðursfélagi Stjórnvísi.









Málstofan var haldin 30.mars 2017 hjá Símanum, Ármúla.

MÁLSTOFA UM FARSÆLA INNLEIÐINGU STEFNU

Fimmtudaginn 30. mars sl. bauð Stjórnvísi félagsmönnum að sækja málstofu um farsæla innleiðingu stefnu. Kynntar voru sláandi niðurstöður nýrrar rannsóknar MMR um framkvæmd stefnu á íslenskum vinnustöðum. Jafnframt var kynnt áhrifarík og margreynd aðferð FranklinCovey við farsæla innleiðingu á stefnumarkandi breytingum - 4DX: The 4 Disciplines of Execution. Að auki voru sagðar reynslusögur frá tveimur af þeim fjölmörgu íslensku vinnustöðum sem hafa innleitt 4DX sl. ár með eftirtektarverðum árangri.

Fyrirlesarar voru þau:

- Kristinn T. Gunnarsson, ráðgjafi hjá Expectus.
- Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Símanum.
- Auður Lilja Davíðsdóttir, deildarstjóri hjá Öryggismiðstöðinni.

UPPSKERUHÁTÍÐ ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGARINNAR 2016 HALDIN Á GRAND HÓTEL



Fulltrúar þeirra fyrirtækja sem skoruðu hæst í sínum flokki. Öllum þeim sem skoruðu hæst í sínum flokki var veittur blóm-vöndur og viðurkenningarskjöldur var veittur þeim fyrirtækjum sem voru marktækt hæst í sínum flokki.

NIÐURSTÖÐUR ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGARINNAR 2016

Þann 2. febrúar 2017, voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2016 kynntar og er þetta áttjándi árið sem ánægja Íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Að þessu sinni eru niðurstöður birtar fyrir 19 fyrirtæki í 6 atvinnugreinum og byggja niðurstöður á 200-1.178 svörum viðskiptavina hvers fyrirtækis.

Líkt og undanfarin þrjú ár var viðurkenning einungis veitt þeim fyrirtækjum sem voru með tölfraðilega marktækt hæstu einkunnina í viðkomandi atvinnugrein,

þ.e. þar sem segja má með 95% vissu að viðskiptavinir fyrirtækisins með hæstu einkunnina séu að jafnaði ánægðari en viðskiptavinir fyrirtækisins með næsthæstu einkunnina. Í ár var afhent viðurkenning á fjórum mörkuðum, þar sem Atlantsólía fékk 74,4 stig af 100 mögulegum, Nova fékk 72,1 stig, Orka náttúrunnar fékk 65,5 stig og Íslandsbanki fékk 65,2 stig. Efstu fyrirtækjum á mörkuðum þar sem ekki var marktækur munur á efsta og næstefsta sæti voru ekki veittar viðurkenningar en hins vegar var fulltrúum þessara fyrirtækja færður blómvöndur í viðurkenningarskyni.

Þeir markaðir þar sem ekki var marktækur munur á milli hæstu og næsthæstu einkunnar voru tryggingafélög og smá-söluverslanir. Þá var ekki marktækur munur á Atlantsólíu sem var með hæstu einkunnina á heildina lítið og Nova sem var með næsthæstu einkunnina.

Íslenska ánægjuvugin er samstarfsverkefni Zenter, Samtaka iðnaðarins og Stjórnvísi. Í tilefni af birtingu niðurstaðna Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2016, var efnt til uppskeruhátíðar þann 2. febrúar 2017 á Grand Hótel.

Fyrirlesarar á uppskeruhátíðinni:

1. Ófeigur Friðriksson, sölu-og þjónustustjóri Avis.
2. Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.
3. Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.

Trausti Haraldsson, framkvæmdastjóri Zenter kynnti niðurstöður einstakra fyrirtækja og markaða Íslensku ánægjuvogarinnar 2016.

Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdastjóri Stjórnvísí og **Nótt Thorberg** stjórnarmaður Íslensku ánægjuvogarinnar veittu viðurkenningar þeim fyrirtækjum sem skoruðu hæst í rannsókn Ánægjuvogarinnar 2016.

Fundarstjóri: *Davíð Lúdvíksson forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins.*



FRAMSKÆNI · FORYSTA · FRÆÐSLA

STJÓRNUNARVERÐLAUN STJÓRNVÍSI 2017

■ GRAND HOTEL 8. MARS FRÁ KL. 16:00 - 18:00
Tveir áhugaverðir fyrirlesarar flytja erindi sem tengist þema hátíðarinnar:
„Árangur á grundvelli öflugrar liðsheildar og vinnumenningar“

FYRIRLESARAR:



■ **Magnea Þórey Hjálmarsdóttir**, framkvæmdastjóri Icelandair hótela.



■ **Ægir Már Þórisson**, forstjóri Advania.



■ **Sigurjón Þórðarson**, stjórnunarráðgjafi hjá Nolta, ráðgjöf og þjálfun.



■ **Nótt Thorberg**, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi og formaður Stjórnvísi.

■ **DAGSKRÁ**

SETNING HÁTÍÐAR:
Nótt Thorberg, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi og formaður Stjórnvísi

HÁTÍÐARSTJÓRI:
Sigurjón Þórðarson, stjórnunarráðgjafi hjá Nolta, ráðgjöf og þjálfun.

FYRIRLESARAR:
Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair hótela.
Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania.

Allir velkomnir, ókeypis aðgangur. Skráning á stjornvisi.is



VERÐLAUNAHÁTÍÐ OG RÁÐSTEFNA

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi voru veitt við hátíðlega athöfn í áttunda sinn miðvikudaginn 8.mars á Grand hótél að viðstöddum forseta Íslands. Þetta var í senn verðlaunahátíð og ráðstefna þar sem tveir áhugaverðir fyrirlesarar fluttu erindi sem tengdist þema hátíðarinnar: „Árangur á grundvelli öflugrar liðsheildar og vinnumenningar“. Hvað er verið að kalla fram með því að skapa sterka liðsheild, hversu miklu máli skiptir sterk liðsheild og hvernig er hægt að auka árangur með sterkri liðsheild.

Fyrirlesarar voru þau: **Magnea Þórey Hjálmarsdóttir**, framkvæmdastjóri Icelandair hótela.
Hinrik Sigurður Jóhannesson, mannauðsstjóri Advania

Hátíðarstjóri: **Sigurjón Þórðarson**, stjórnunarráðgjafi hjá Nolta, ráðgjöf og þjálfun.

Handhafar stjórnunarverðlauna Stjórnvísi árið 2017 eru:

- **Þóra Björk Þórhallsdóttir**, forstjóri Nordic Visitor í flokki yfirstjórnenda.
- **Hafsteinn Bragason**, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Íslandsbanka í flokki millistjórnenda.
- **Eyrún Eggertsdóttir**, stofnandi Róró í flokki frumkvöðla.
- **Margrét Guðmundsdóttir**, stjórnarformaður NI og fyrrverandi forstjóri Icepharma hf., hlaut sérstök heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til stjórnunar.



Verðlaunahafar ásamt forseta Íslands. Frá vinstri Eyrún Eggertsdóttir, stofnandi Róró, Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður NI og fyrrverandi forstjóri Iceptharma hf., forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, Hafsteinn Bragason, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Íslandsbanka, Þóra Björk Þórhallsdóttir, forstjóri Nordic Visitor, Hafsteinn Bragason, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Íslandsbanka og Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala.

Ásta Bjarnadóttir, formaður dómnefndar og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala kynnti niðurstöður dómnefndar. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin og flutti ávarp. Fjölmenni var við afhendingu verðlaunanna.

Dómnefnd 2017 skipuðu eftirtaldir:

- Ásta Bjarnadóttir, formaður dómnefndar og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítala.
- Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar.
- Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
- Helgi Þór Ingason, prófessor og forstöðumaður MPM náms við Háskólann í Reykjavík.
- Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs.
- Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups.

Ritari dómnefndar var Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdastjóri Stjórnvísir.

Viðmið sem dómnefnd lagði til grundvallar tilnefninga til Stjórnunarverðlaunanna 2017 voru eftirfarandi:

I. ÁRANGURSSTJÓRNUN

Í starfi sínu stuðlar stjórnandinn að:

1. Framgangi stefnu fyrirtækisins / stofnunarinnar.
2. Að lykilárangursþáttum sé náð.
3. Öflugu kjarnastarfi.
4. Markvissri upplýsingagjöf.

II. NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN

Í starfi sínu stuðlar stjórnandinn að:

1. Frumleika.
2. Nýjum hugmyndum.
3. Nýjum aðferðum og bættu vinnulagi.

III. FORYSTA

Stjórnandinn er:

1. Er óskoraður leiðtogi.
2. Stuðlar að frelsi til athafna.
3. Nýtur virðingar út fyrir eigin fyrirtæki / stofnun.

IV. REKSTRARUMHVERFI

Stjórnandinn:

1. Stuðlar að samkeppnisforskoti með skarpri framtíðarsýn og þekkingu á þörfum viðskiptavina
2. Hefur góðan skilning á atvinnugreininni ásamt samkeppnisaðilum og tengslum þessara aðila innbyrðis og við samfélagið.



FAGHÓPUR UM BREYTINGASTJÓRNUN (490 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Helga Kristín Jóhannsdóttir PWC, formaður.
Guðbjörg Jóhannsdóttir Landsbankinn.
Harpa Hrund Jóhannsdóttir Nova.
Hildur Jörundsdóttir Háskóli Íslands.
Kristín Líf Valtýsdóttir Marel.
Sóley Jónsdóttir Háskólinn í Reykjavík.

1. HVER ERTU? ENDURMÖRKUN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR.

Sameiginlegur fundur faghópa um breytingastjórnun, stefnumótun og árangursmat, þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 8.september 2016.
Gestgjafi: Orkuveita Reykjavíkur.
Fyrirlesari: Sigrún Viktorsdóttir, OR.

2. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ INNLEIDD MEÐ BREYTINGASTJÓRNUN.

Sameiginlegur fundur faghópa um breytingastjórnun og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 18.nóvember 2016.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Fyrirlesari: Ketill Berg Magnússon, Festa.

FAGHÓPUR UM CAF/EFQM (156 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Sigurjón Þór Árnason Veðurstofa Íslands, formaður.
Helga Jóhannesdóttir Þjóðskjalasafn Íslands.
Sigríður Hrefna Jónsdóttir Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
Þór Garðar Þórarinsson Velferðarráðuneytið.

1. BREYTT PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF FRÁ 2018, HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ FYRIR ÞÍNA STARFSEMI?

Sameiginlegur fundur faghópa um CAF/EFQM sjálfsmatlíkan, gæðastjórnun og upplýsingaöryggi.

Dagsetning: 4.október 2016.
Gestgjafi: Veðurstofa Íslands.
Fyrirlesarar: Alma Tryggvadóttir, Persónuvernd.
Hörður helgi Helgason, Landslög.

FAGHÓPUR UM GÆÐASTJÓRNUN (673 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Elín Ragnhildur Jónsdóttir Ríkiskaup, formaður.
 Anna Guðrún Ahlbrecht Landmælingar Íslands.
 Bergný Jóna Sævarsdóttir Strætó.
 Jóhanna A. Gunnarsdóttir Núi-Síríus.

1. **BÆTT SAMSKIPTI. SÁTTAMIÐLUN SEM VERKFÆRI TIL LAUSNAR ÁGREININGS.**
 Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 29.september 2016.
 Gestgjafi: Innovation House.
 Fyrirlesari: Lilja Bjarnadóttir, Sáttaleiðin.

2. **BREYTT PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF FRÁ 2018, HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ FYRIR ÞÍNA STARFSEMI?**
 Sameiginlegur fundur faghópa um CAF/EFQM, sjálfsmatslíkan, gæðastjórnun og upplýsingaöryggi.

Dagsetning: 4.október 2016.
 Gestgjafi: Veðurstofa Íslands.
 Fyrirlesarar: Alma Tryggvadóttir, Persónuvernd.
 Hörður helgi Helgason, Landslög.

3. **SAMTAL VIÐ VIÐSKIPTAVININN**
 Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 10.nóvember 2016.
 Gestgjafi: Reykjavíkurborg.
 Fyrirlesarar: Gunnar Hersveinn, Reykjavíkurborg.
 Reynir Kristjánsson, Hagstofa Íslands.

4. **BREYTINGAR Á UMHVERFIS-OG ÖRYGGISSTJÓRNUNARSTÖÐLUM, ISO 14001 OG ISO 45001.**
 Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 25.janúar 2017.
 Gestgjafi: Efla.
 Fyrirlesarar: Helga Jóhana Bjarnadóttir, Efla.
 Eva Yngvadóttir, Efla.

5. **AF HVERJU JAFNLAUNASTAÐALL? GERÐ STAÐALSINS, REYNSLA AF INNLEIÐINGU OG VOTTUN.**
 Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 9.febrúar 2017.
 Gestgjafi: Tollstjóri.
 Fyrirlesarar: Guðrún Rögnvaldsdóttir, Staðlaráð Íslands.
 Unnur Ýr Kristjánsdóttir, Tollstjóri.

6. **ÁHUGAVERÐAR INNRI ÚTTEKTIR.**
 Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 27.apríl 2017.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Fyrirlesarar: Bergþór Guðmundsson, Norðurál.
Gunnur E. Gunnarsdóttir, 1912.
Ína B. Hjálmarsdóttir, Blóðbankinn.
Unnur Helga Kristjánsdóttir, Landsvirkjun.

7. AÐALFUNDUR FAGHÓPA UM GÆÐASTJÓRNUN OG ISO.

Dagsetning: 27.apríl 2017.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Almenn aðalfundarstörf.

FAGHÓPUR UM ISO STAÐLA (304 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Kristjana Kjartansdóttir Orkuveita Reykjavíkur, formaður.
Arngrímur Blöndahl Staðlaráð Íslands.
Elín Björg Ragnarsdóttir Fiskistofa.
Elísabet Dolinda Ólafsdóttir Geislavarnir ríkisins.
Guðjón Viðar Valdimarsson Stiki.
Ína Björg Hjálmarsdóttir Blóðbankinn.

1. BÆTT SAMSKIPTI. SÁTTAMIÐLUN SEM VERKFÆRI TIL LAUSNAR ÁGREININGS. Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 29.september 2016.
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesari: Lilja Bjarnadóttir, Sáttaleiðin

2. BREYTT PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF FRÁ 2018, HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ FYRIR ÞÍNA STARFSEMI? Sameiginlegur fundur faghópa um CAF/EFQM, sjálfsmatslíkan, gæðastjórnun og upplýsingaöryggi.

Dagsetning: 4.október 2016.
Gestgjafi: Veðurstofa Íslands.
Fyrirlesarar: Alma Tryggvadóttir, Persónuvernd.
Hörður helgi Helgason, Landslög.

3. HAGNÝTT GILDI STAÐALSINS ISO 26000 UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ. Sameiginlegur fundur faghópa um ISO og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 8.nóvember 2016.
Gestgjafi: Marel.
Fyrirlesarar: Guðrún Rögnvaldsdóttir, Staðlaráð Íslands.
Þorsteinn Kári Jónsson, Marel.
Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun.

4. ÁHÆTTUSTJÓRNUN SAMKVÆMT ISO 27001:2013

Dagsetning: 18.nóvember 2016.
 Gestgjafi: Stiki.
 Fyrirlesari: Guðjón Viðar Valdimarsson, Stiki.

5. STJÓRNARMENN ISO HÓPSINS BJÓÐA HEIM.

Dagsetning: 23.nóvember 2016.
 Gestgjafi: Blóðbankinn.
 Fyrirlesari: Ína Björg Hjálmarsdóttir, Blóðbankinn.

6. STJÓRNARMENN ISO HÓPSINS BJÓÐA HEIM.

Dagsetning: 25.nóvember 2016.
 Gestgjafi: Orkuveita Reykjavíkur.
 Fyrirlesari: Kristjana Kjartansdóttir, OR

7. ENDURSKOÐUN STEFNU VEGNA BREYTINGA Á ISO STÖÐLUM.

Dagsetning: 14.desember 2016.
 Gestgjafi: Orkuveita Reykjavíkur.
 Fyrirlesari: Kristjana Kjartansdóttir, OR

8. BREYTINGAR Á UMHVERFIS-OG ÖRYGGISSTJÓRNUNARSTÖÐLUM, ISO 14001 OG ISO 45001.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 25.janúar 2017.
 Gestgjafi: Efla.
 Fyrirlesarar: Helga Jóhana Bjarnadóttir, Efla.
 Eva Yngvadóttir, Efla.

9. AF HVERJU JAFNLAUNASTAÐALL? GERÐ STAÐALSINS, REYNSLA AF INNLEIÐINGU OG VOTTUN.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 9.febrúar 2017.
 Gestgjafi: Tollstjóri.
 Fyrirlesarar: Guðrún Rögnvaldsdóttir, Staðlaráð Íslands.
 Unnur Ýr Kristjánsdóttir, Tollstjóri.

10. ÁHUGAVERÐAR INNRI ÚTTEKTIR.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO.

Dagsetning: 27.apríl 2017.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesarar: Bergþór Guðmundsson, Norðurál.
 Gunnur E. Gunnarsdóttir, 1912.
 Ína B. Hjálmarsdóttir, Blóðbankinn.
 Unnur Helga Kristjánsdóttir, Landsvirkjun.

11. AÐALFUNDUR FAGHÓPA UM ISO OG GÆÐASTJÓRNUN.

Dagsetning: 27.apríl 2017.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Almenn aðalfundarstörf.

FAGHÓPUR UM KOSTNAÐARSTJÓRNUN OG KOSTNAÐARGREININGU. (185 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Einar Guðbjartsson Stjórnunarráðgjafi, formaður.

1. FÍB OG KOSTNAÐARÚTREIKNINGUR.

Dagsetning: 25.október 2016.
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesari: Runólfur Ólafsson, FÍB.

2. STJÓRNUNARLEGUR ÁKVÖÐUNARRÉTTUR.

Dagsetning: 15.nóvember 2016.
Gestgjafi: Háskóli Íslands.

FAGHÓPUR UM LEAN – STRAUMLÍNUSTJÓRNUN (863 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Aðalheiður Sigursveinsdóttir Expectus, formaður.
Ásta Heiðrún Gylfadóttir Sjóvá-Almennar.
Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir Landspítalinn.
Ingibjörg Lind Valsdóttir Orkuveita Reykjavíkur.
Kamilla Reynisdóttir Granítsmiðjan.
Patrick Karl Winrow Marel Iceland ehf.
Svanur Daníelsson LNS Saga.
Þóra Kristín Sigurðardóttir Eimskip.

1. STYÐUR LEAN VIÐ AUKINN FJÖLDA FERÐMANNA? LEIÐ AÐ VIÐSKIPTAVININUM.

Dagsetning: 16.september 2016.
Gestgjafi: Icelandair Hótel Natura.

2. HVERJIR ERU SNERTIFLETIR ÞJÓNANDI FORYSTU OG LEAN?

Sameiginlegur fundur faghópa um lean, mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 28.september 2016.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Fyrirlesari: Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

3. GRUNNATRÍÐI LEAN/UMBÓTAVINNA

Dagsetning: 6.október 2016.
 Gestgjafi: KPMG.
 Fyrirlesari: Þórunn M. Óðinsdóttir, KPMG.

4. VERKEFNASTJÓRNUN OG LEAN.

Dagsetning: 28.október 2016.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesarar: Svanur Danielsson, LNS Saga.
 Jónas Páll Viðarsson, LNS Saga.

5. ÁSKORANIR VIÐ INNLEIÐINGU LEAN HUGMYNDAFRÆÐI Í RÓTGRÓNA STARFSEMI HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS.

Dagsetning: 16.nóvember 2016.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesari: Eva Kristjánsdóttir, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

6. UMBÓTAVINNUSTOFUR: KOSTIR OG GALLAR, REYNSLUSÖGUR STJÓRNENDA OG UMRÆÐUR.

Dagsetning: 6.apríl 2017.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesarar: Kristjana Kjartansdóttir, OR.
 Sveinn Valtýr Sveinsson, Ernst og Yong.

FAGHÓPUR UM MANNAUÐSSTJÓRNUN

(787 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Guðjón Örn Helgason Reykjavíkurborg, formaður.
 Guðrún Símonardóttir ÁTVR.
 Jóhanna Ella Jónsdóttir Hugtak.
 Óskar Marínó Sigurðsson Háskóli Íslands.
 Sigríður Hrefna Jónsdóttir Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
 Sigrún H. Sigurðardóttir Kompás.
 Sveinborg Hafliðadóttir Festi.

1. Hverjir eru snertifletir þjónandi forystu og Lean?

Sameiginlegur fundur faghópa um lean, mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 28.september 2016.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesari: Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

2. KYNNING Á TILRAUNAVERKEFNI UM STYTTINGU VINNUDAGS.

Dagsetning: 4.október 2016.
Gestgjafi: Reykjavíkurborg.
Fyrirlesari: Harpa Hrund Berndsen, Reykjavíkurborg.

3. HVENÆR ER NÓGU MIKIÐ OF MIKIÐ? INNRI UPPLÝSINGAMIÐLUN OG HELGUN STARFSFÓLKS.

Dagsetning: 19.október 2016.
Gestgjafi: Festi.
Fyrirlesari: Guðfinna Björk Kristjánsdóttir, Garðabær.

4. NLP OG MARKÞJÁLFUN MEÐ FÓLKI Á KROSSGÖTUM.
Sameiginlegur fundur faghópa um mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 15.nóvember 2016.
Gestgjafi: Vinnumálastofnun.
Fyrirlesarar: Ásgeir Jónsson, Takmarkalaust líf ehf.
Hrefna Birgitta, Bruen.

5. FRAMÚRSKARANDI ÖRYGGISHEGÐUN.

Dagsetning: 22.nóvember 2016
Gestgjafi: ÁTVR.
Fyrirlesari: Reynir Guðjónsson, Dale Carnegie.

6. NÚVITUND Á VINNUSTÖÐUM.

Dagsetning: 29.nóvember 2016.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Fyrirlesarar: Anna Dóra Flosadóttir, Núvitundarsetrið.
Bryndís Jóna Jónsdóttir, Núvitundarsetrið.

7. MANNAUÐSMÆLINGAR MÁNAÐARLEGA EINS OG AÐRAR LYKILTÖLUR VINNUSTAÐARINS.

Dagsetning: 18.janúar 2017.
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesarar: Trausti Harðarson, HR Monitor
Júlíus Steinn Kristjánsson, Ölgerðin.
Borghildur Eringsdóttir, Einkaleyfastofan.

8. WAKE ME UP BEFORE YOU GOGO! HVERNIG NÝTUM VIÐ REYNSLU STARFSMANNA
ÁÐUR EN KEMUR AÐ STARFSLOKUM?

Dagsetning: 24.janúar 2017.
Gestgjafi: Reykjavíkurborg.
Fyrirlesarar: Elín Greta
Berglind Magnúsdóttir, Reykjavíkurborg.
Jóna Valborg

9. MARKÞJÁLFUN TVÍHÖFÐA STJÓRNENDATEYMA Á LSH.
Sameiginlegur fundur faghópa um mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 21.febrúar 2017.
 Gestgjafi: Landspítalinn.
 Fyrirlesari: Ásta Bjarnadóttir, Landspítalinn.

10. SKÖPUNARGLEÐI OG ÁHRIF STJÓRNENDA.

Dagsetning: 2.mars 2017.
 Gestgjafi: Festi.
 Fyrirlesari: Birna Dröfn Birgisdóttir, doktorsnemi HR.

11. ÞJÓNANDI FORYSTA Í FRAMKVÆMD.

Dagsetning: 15.mars 2017.
 Gestgjafi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
 Fyrirlesari: Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

12. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG STARFSÁNÆGJA.

Sameiginlegur fundur faghópa um mannauðsstjórnun og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 29.mars 2017
 Gestgjafi: Innovation House.
 Fyrirlesarar: Arney Einarsdóttir, Háskólinn í Reykjavík.
 Baldur Gísli Jónsson, Landsbankinn.
 Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, Reykjavíkurborg.

13. LAUSNAMIDUÐ SAMSKIPTI.

Dagsetning: 25.apríl 2017.
 Gestgjafi: Innovation House.
 Fyrirlesari: Lilja Bjarnadóttir, Sáttaleiðin.

FAGHÓPUR UM MARKÞJÁLFUN (399 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir Zenter, formaður.
 Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir Evolvía.
 Guðbjörg Jóhannsdóttir Landsbankinn.
 Ingólfur Þór Tómasson Markþjálfí.
 Lilja Gunnarsdóttir Reykjavíkurborg.
 Sóley Kristjánsdóttir Háskólinn í Reykjavík.

I. HVERJIR ERU SNERTIFLETIR ÞJÓNANDI FORYSTU OG LEAN?

Sameiginlegur fundur faghópa um lean, mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 28.september 2016.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesari: Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

2. NLP OG MARKÞJÁLFUN MEÐ FÓLKI Á KROSSGÖTUM.

Sameiginlegur fundur faghópa um mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 15.nóvember 2016.
Gestgjafi: Vinnumálastofnun.
Fyrirlesarar: Ásgeir Jónsson, Takmarkalaust líf ehf.
Hrefna Birgitta, Bruen.

3. MARKÞJÁLFUN TVÍHÖFÐA STJÓRNENDATEYMA Á LSH.

Sameiginlegur fundur faghópa um mannauðsstjórnun og markþjálfun.

Dagsetning: 21.febrúar 2017.
Gestgjafi: Landspítalinn.
Fyrirlesari: Ásta Bjarnadóttir, Landspítalinn.

4. FRAMSÝN MENNTUN NÚ.

Sameiginlegur fundur faghópa um markþjálfun og sköpunargleði.

Dagsetning: 4.maí 2017.
Gestgjafi: NÚ.
Fyrirlesari: Gísli Rúnar Guðmundsson, skólastjóri NÚ.

FAGHÓPUR UM NÝSKÖPUN OG SKÖPUNARGLEÐI (323 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Haraldur Unason Diego Fagrað, formaður.
Daníela Gunnarsdóttir Íslandspóstur.
Þór Garðar Þórarinnsson Velferðarráðuneytið.

1. „USER – RETENTION“ EÐA HVERNIG Á AÐ HALDA Í NÚVERANDI VIÐSKIPTAVINI.

Dagsetning: 27.september 2016.
Gestgjafi: Startup Reykjavík.
Fyrirlesarar: Stefania Bjarney Ólafsdóttir, QuizUp.
Jökull Sólberg auðunsson, Takumi
Oddur Sturluson, Icelandic Startups.

2. HUGVERKAVERND FYRIR FRUMKVÖÐLA OG SPROTAFYRIRTÆKI.

Dagsetning: 25.október 2016.
Gestgjafi: Startup Reykjavík.
Fyrirlesarar: Eygló Sif Sigfúsdóttir, Einkaleyfastofan.
Erla Skúladóttir, Lauf Forks.
Einar Olavi Mantyla, Háskóli Íslands.

3. FRAMTÍÐ SPROTAFJÁRMÖGNUNAR. ERU SPROTAFJÁRFESTINGAR BÚNAR AÐ NÁ HÁPUNKTI?

Dagsetning: 21.febrúar 2017.
Gestgjafi: Startup Tourism.
Fyrirlesarar: Hekla Arnardóttir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.
Erlendur Steinn Guðnason, Vizido.
Ingi Björn Sigurðsson, frumkvöðull.

4. FRAMSÝN MENNTUN NÚ. Sameiginlegur fundur faghópa um markþjálfun og sköpunargleði.

Dagsetning: 4.maí 2017.
Gestgjafi: NÚ.
Fyrirlesari: Gísli Rúnar Guðmundsson, skólastjóri NÚ.

FAGHÓPUR UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA (276 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Fanney Karlsdóttir	NOVOMATIC Lottery Solutions Iceland hf.
Ásdís Björg Jónsdóttir.....	NI.
Ásdís Gíslason	HS Orka.
Elma Dögg Steingrímsdóttir	Te og kaffi
Hulda Steingrímsdóttir	Landspítalinn.
Íris Katla Guðmundsdóttir	Securitas.
Ketill Berg Magnússon	Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja.
Soffía Sigurgeirsdóttir	KOM almannatengsl.
Þorsteinn Kári Jónsson	Marel.

1. HAGNÝTT GILDI STAÐALSINS ISO 26000 UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ. Sameiginlegur fundur faghópa um ISO og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 8.nóvember 2016.
Gestgjafi: Marel.
Fyrirlesarar: Guðrún Rögnvaldsdóttir, Staðlaráð Íslands.
Þorsteinn Kári Jónsson, Marel.
Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun.

2. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ INNLEIDD MEÐ BREYTINGASTJÓRNUN. Sameiginlegur fundur faghópa um breytingastjórnun og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 18.nóvember 2016.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Fyrirlesari: Ketill Berg Magnússon, Festa.

3. GLÍMT VIÐ MATARSÓUN.

Sameiginlegur fundur faghópa um samfélagsábyrgð fyrirtækja og umhverfi og öryggi.

Dagsetning: 7.desember 2016.
Gestgjafi: Arion banki.
Fyrirlesarar: Hlédís Sigurðardóttir, Arion banki.
Alfreð Ómar Alfreðsson, Arion banki.
Vigdís Stefánsdóttir, Landspítali.

4. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG STARFSÁNÆGJA.

Sameiginlegur fundur faghópa um mannauðsstjórnun og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 29.mars 2017
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesari: Arney Einarsdóttir, Háskólinn í Reykjavík.
Baldur Gísli Jónsson, Landsbankinn.
Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, Reykjavíkurborg.

FAGHÓPUR UM STEFNUMÓTUN OG ÁRANGURSMAT (776 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir Fjármálaeftirlitið, formaður.
Heimir Guðmundsson Innnes.
Jón Halldór Jónsson Reykjavíkurborg.
Svavar Jósefsson Reykjavíkurborg.
Þorvaldur Ingi Jónsson Sjúkratryggingar.
Þuríður Stefánsdóttir Blue Lagoon.

1. HVER ERTU? ENDURMÖRKUN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR.

Sameiginlegur fundur faghópa um breytingastjórnun, stefnumótun og árangursmat, þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 8.september 2016.
Gestgjafi: Orkuveita Reykjavíkur.
Fyrirlesari: Sigrún Víktorsdóttir, OR.

2. EF ÞÚ VEIST EKKI HVERT ÞÚ VILT FARA ÞÁ SKIPTIR EKKI MÁLI HVAÐA LEIÐ ÞÚ FERÐ

Sameiginlegur fundur faghópa um stefnumótun og árangursmat, þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 3.nóvember 2016.
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesari: Ragnar Már Vilhjálmsson, Manhattan Marketing.

3. MARKMIÐSSETNING, ÁHÆTTUSTÝRING OG INNRA EFTIRLIT.

Dagsetning: 16.nóvember 2016.
Gestgjafi: Reykjavíkurborg.
Fyrirlesari: Anna Margrét Jóhannesdóttir, Reykjavíkurborg.

4. PERSÓNULEG STEFNUMÓTUN OG LEIÐTOGAFÆRNI Á HEIMSMÆLIKVARÐA.

Dagsetning: 23.febrúar 2017.
 Gestgjafi: Key Habits
 Fyrirlesari: Brynjar Karl, Key Habits.

FAGHÓPUR UM STJÓRNUN VIÐSKIPTAFERLA/BPM (210 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Magnús Ívar Guðfinnsson Marel, formaður.
 Benedikt Hans Rúnarsson Míla.
 Guðmundur Helgason Íslandsbanki.
 Guðmundur Valur Oddsson Háskóli Íslands.
 Heiða Njóra Guðbrandsdóttir Icelandair ITS.
 Lilja Scheel Birgisdóttir Icelandair ITS.
 Pétur Snæland To-increase.
 Þóra Kristín Sigurðardóttir Eimskip.

I. ER EKKI NÓG AÐ VERA LEAN? AÐALFUNDUR BPM.

Dagsetning: 4.maí 2017.
 Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
 Fyrirlesari: Magnús Ívar Guðfinnsson, Marel.

FAGHÓPUR UM UMHVERFIS- OG ÖRYGGISSTJÓRNUN (272 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Heimir Þór Gíslason Verkis, formaður.
 Erlingur E. Jónasson LNS Saga.
 Gísli Níls Einarsson VÍS.
 Gyða Mjöll Ingólfssdóttir Efla, verkfræðistofa.
 Jóna Bjarnadóttir Landsvirkjun.
 Magnús Matthíasson Efla, verkfræðistofa.
 Matthildur B. Stefánsdóttir Vegagerðin.
 Michele Rebora 7.is

I. LAGALEGAR KRÖFUR VEGNA EFNAMÁLA OG LAUSNIR Í ECOONLINE EFNASTJÓRNUNARKERFINU.

Dagsetning: 12.október 2016.
 Gestgjafi: Efla.
 Fyrirlesari: Eva Yngvadóttir, Efla verkfræðistofa.

2. AÐALFUNDUR FAGHÓPS UM UMHVERFIS- OG ÖRYGGISSTJÓRNUN.

Dagsetning: 12.október 2016.
Gestgjafi: Efla.
Hefðbundin aðalfundarstörf.

3. GLÍMT VIÐ MATARSÓUN.

Sameiginlegur fundur faghópa um samfélagsábyrgð fyrirtækja og umhverfi og öryggi.

Dagsetning: 7.desember 2016.
Gestgjafi: Arion banki.
Fyrirlesarar: Hlédís Sigurðardóttir, Arion banki.
Alfreð Ómar Alfreðsson, Arion banki.
Vigdís Stefánsdóttir, Landspítali.

FAGHÓPUR UM VERKEFNASTJÓRNUN (693 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Berglind Björk Hreinsdóttir	Attentus, formaður.
Falasteen Abu Libdeh	Háskólinn í Reykjavík.
Hafdís Huld Björnsdóttir	VÍS.
Haukur Ingi Jónasson	Háskólinn í Reykjavík.
Ingibjörg Sigurðardóttir	Advania.
Sigurjón Hákonarson	Expectus.
Starkaður Örn Arnarson	Arion banki.
Svanur Daníelsson	LNS Saga.

1. VERKEFNASTJÓRNUN OG LEAN.

Sameiginlegur fundur faghópa um Lean og verkefnastjórnun.

Dagsetning: 28.október 2016.
Gestgjafi: Háskólinn í Reykjavík.
Fyrirlesarar: Svanur Daníelsson, LNS Saga.
Jónas Páll Viðarsson, LNS Saga.

2. HÖFUM VIÐ EKKI HIST ÁÐUR? PRAKTÍSK ATRÍÐI VIÐ TENGLAMYNDUN.

Dagsetning: 22.nóvember 2016.
Gestgjafi: Icelandic Startups.
Fyrirlesari: Svava Björk Ólafsdóttir, Icelandic Startups.

3. „SET ÉG ÞRISTINN ÚT!“ ER A3 FERLI, SKÝRSLA EÐA VERKEFNASTJÓRNUNARTÆKI?

Dagsetning: 4.apríl 2017.
Gestgjafi: Capacent.
Fyrirlesari: Steinþór Þórðarson, Capacent.

FAGHÓPUR UM VÖRUSTJÓRNUN, INNKAUP OG INNKAUPASTÝRING (232 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Tómas Örn Sigurbjörnsson	Marel Iceland ehf., formaður.
Anna María Guðmundsdóttir	Brammer Ísland ehf.
Birkir Eriksen	Hafnarfjarðarbær.
Daði Rúnar Jónsson	AGR.
Hildur Gylfadóttir	Össur.
Kristín Þórðardóttir	Advania.
Jóhanna Þorbjörg Jónsdóttir	Innes.
Kenneth Breiðfjörð	Orkuveita Reykjavíkur.
Kristín Þórðardóttir	Advania.
Snorri Páll Sigurðsson	Landspítali.

1. HEIMSÓKN Í KAFFIBRENNSLU KAFFITÁRS.

Dagsetning:	20.október 2016.
Gestgjafi:	Kaffitár.
Fyrirlesari:	Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitár.

2. VÖRUSTJÓRNUN, INNKAUP OG INNKAUPASTÝRING HJÁ IKEA.

Dagsetning:	3.febrúar 2017.
Gestgjafi:	Ikea.
Fyrirlesari:	Svanhildur Hauksdóttir, IKEA.

3. AÐFANGASTÝRING Í EVE ONLINE.

Dagsetning:	16.mars 2017.
Gestgjafi:	CCP
Fyrirlesari:	Bergur Finnbogason, CCP.

FAGHÓPUR UM ÞJÓNUSTU-OG MARKAÐSSTJÓRNUN (574 meðlimir)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Guðný Halla Hauksdóttir	Orkuveita Reykjavíkur, formaður.
Anna Kristín Kristjánsdóttir	Hvíta húsið.
Atli Sæmundsson	Distica.
Aðalheiður Ósk Guðmundsd	Air Atlanta.
Bergþór Leifsson	VÍS.
Björg Ormslev Ásgeirsdóttir	Vaki, fiskeldisstöð.
Rannveig Hrönn Brink	Vífelfell.

1. **HVER ERTU? ENDURMÖRKUN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR.**

Sameiginlegur fundur faghópa um breytingastjórnun, stefnumótun og árangursmat, þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 8.september 2016.
Gestgjafi: Orkuveita Reykjavíkur.
Fyrirlesari: Sigrún Viktorsdóttir, OR.

2. **EF ÞÚ VEIST EKKI HVERT ÞÚ VILT FARA ÞÁ SKIPTIR EKKI MÁLI HVAÐA LEIÐ ÞÚ FERÐ**

Sameiginlegur fundur faghópa um stefnumótun og árangursmat, þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 3.nóvember 2016.
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesari: Ragnar Már Vilhjálmsson, Manhattan Marketing

3. **SAMTAL VIÐ VIÐSKIPTAVININN**

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og þjónustu-og markaðsstjórnun.

Dagsetning: 10.nóvember 2016.
Gestgjafi: Reykjavíkurborg.
Fyrirlesarar: Gunnar Hersveinn, Reykjavíkurborg.
Reynir Kristjánsson, Hagstofa Íslands

4. **HVERNIG SÍMINN NOTAR CRM Í ÞJÓNUSTU-OG MARKAÐSSTJÓRNUN**

Dagsetning: 2.febrúar 2017.
Gestgjafi: Síminn.
Fyrirlesari: Hákon Davíð Halldórsson, Síminn.

5. **SUCCESS IN SOCIAL MEDIA.**

Dagsetning: 28.febrúar 2017.
Gestgjafi: Icelandair, Natura.
Fyrirlesarar: Joshua J Popsie, Icelandair.
Guðrún Haraldsdóttir, Icelandair.
Sarah Unnsteinsdóttir, Icelandair.
Arna Ýr Sævarsdóttir, icelandair.

6. **MÓTUN SKILABOÐA Í AUGLÝSINGUM.**

Dagsetning: 7.apríl 2017.
Gestgjafi: Innovation House.
Fyrirlesari: Gunnar Thorberg Sigurðsson, Kapall.

SAMEIGINLEGIR FUNDIR STJÓRNA ALLRA FAGHÓPA STJÓRNVÍSI

KICK OFF FUNDUR STJÓRNA FAGHÓPA STJÓRNVÍSI

Fundurinn var vinnufundur fyrir stjórnir faghópanna. Tilgangur hans var að starta nýju starfsári af krafti. Farið var yfir atriði sem léttu stjórnendum faghópa starfið, búinn til vettvangur fyrir faghópana til að sameinast um viðburði, rýnt í helstu áskoranir en umfram allt að fá innblástur til að gera starfið enn öflugara. Fyrir þennan fund sendu allir faghópar drög að dagskrá sem var síðan kynnt til félagsmanna í byrjun september.


Dagsetning: 1.september 2016.
Staðsetning: Nauthóll bistró.

NÝÁRSFAGNAÐUR OG ÖRVINNUSTOFA FYRIR STJÓRNENDUR FAGHÓPA STJÓRNVÍSI

Tilgangur fundarins er að hvetja stjórnir til að starta vorönn af krafti og verðlauna fyrir gott starf. Fundurinn var bæði fræðslu og skemmtifundur fyrir stjórnir faghópanna. Fyrir þennan fund var óskað eftir við stjórnendur faghópa að senda inn drög að vordagskrá. Á fyrsta fundi með stjórnendum faghópanna í haust kom fram eindregin ósk um hvernig hægt væri að efla enn frekar stjórnarsamstarf þ.e. virkja alla til starfa. Grundvallaratriði í þeim efnum er: „Að skapa menningu trausts“. Til að verða við þeirri ósk var boðið upp á örvinnustofu þar sem kynntar voru til leiks rannsóknir um virði trausts og unnið með aðferðir til að efla traust, m.a. sjálfstraust, traust milli einstaklinga og teyma og í samfélaginu með hagnýtu og skemmtilegum hætti. Leiðbeinandi námskeiðsins var Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri FranklinCovey á Íslandi. Að vinnustofu lokinni var boðið upp á léttar veitingar og gafst félögum tækifæri til að spjalla saman og eiga góða stund.

Dagsetning: 5.janúar 2017.
Staðsetning: Ölgerðin.







STJÓRNVÍSI

Stjórnvísi ehf • Innovation House • Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes
www.stjornvisi.is

